

Kirkjuþing 2021-2022  
53. mál – þskj. 85

**T I L L A G A**

**til þingsályktunar um endurskoðaða fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2022  
og ársreikning Þjóðkirkjunnar 2021.**  
(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af framkvæmdanefnd.  
Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa  
Ársreikningur 2021

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa  
Katrínartúni 4  
105 Reykjavík

Kt. 460169-6909

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun framkvæmdanefndar kirkjuþings .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til kirkjubings

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu („félagsins“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi sidareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### **Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.**

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík,

mars 2022

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Opinber framlög .....		3.845.700.000	3.727.700.000
Leigutekjur .....		78.449.172	69.638.538
Aðrar tekjur .....	10	55.013.449	47.949.200
		<u>3.979.162.621</u>	<u>3.845.287.738</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	11	3.013.178.459	2.962.088.178
Styrkir og tilfærslur .....		468.822.471	511.646.816
Rekstur og viðhald eigna .....		255.044.382	309.112.505
Annar rekstrarkostnaður .....		498.831.011	492.401.550
Tap af sölu eigna .....		1.648.100	207.489.237
Afskriftir .....	13	48.534.563	49.328.866
		<u>4.286.058.986</u>	<u>4.532.067.152</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		( 306.896.365)	( 686.779.414)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		18.602.272	34.674.530
Vaxtagjöld .....		( 2.062.506)	( 33.127.730)
Fjármagnstekjuskattur .....		( 217.385)	( 500.954)
		<u>16.322.381</u>	<u>1.045.846</u>
<b>Tap ársins .....</b>	16	<u>( 290.573.984)</u>	<u>( 685.733.568)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....		352.433	352.433
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	3.451.436.586	3.610.707.729
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		0	1.008.000
Skuldabréfaeign .....	14	26.166.961	29.467.322
Sauðfjárgreiðslumark .....		0	651.225
Fastafjármunir		3.477.955.980	3.642.186.709
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar .....	14	860.087	1.011.612
Skammtímakröfur .....	15	117.808.114	129.794.823
Handbært fé .....	9	638.931.632	1.139.053.466
Veltufjármunir		757.599.833	1.269.859.901
<b>Eignir samtals</b>		4.235.555.813	4.912.046.610
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll .....		5.241.568.079	5.532.142.063
Ábyrgðardeild .....		85.115.743	85.115.743
Endurmatsreikningur .....		( 1.512.409.362)	( 1.512.409.362)
Eigið fé	16	3.814.274.460	4.104.848.444
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		79.316.181	169.134.381
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		2.909.221	309.580.376
Aðrar skammtímaskuldir .....		339.055.951	328.483.409
Skammtímaskuldir		421.281.353	807.198.166
Skuldir samtals		421.281.353	807.198.166
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		4.235.555.813	4.912.046.610

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Afkoma ársins .....	16 (	290.573.984)	( 685.733.568)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap (hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna .....	(	9.257.304)	207.489.237
Afskriftir .....	13	48.534.576	49.328.866
Veltufé til rekstrar		<u>( 251.296.712)</u>	<u>( 428.915.465)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun .....		11.986.709	86.509.260
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		<u>( 385.916.813)</u>	<u>442.096.992</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>( 373.930.104)</u>	<u>528.606.252</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>( 625.226.816)</u>	<u>99.690.787</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	13 (	31.006.129)	( 7.897.056)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		151.000.000	504.460.763
Eignarhlutur, breyting .....		1.659.225	0
Skuldabréfaeign, breyting .....		3.451.886	1.453.116
Fjárfestingarhreyfingar		<u>125.104.982</u>	<u>498.016.823</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		0	( 270.516.868)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>( 270.516.868)</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		<b>( 500.121.834)</b>	<b>327.190.742</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>1.139.053.466</b>	<b>811.862.724</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b><u>638.931.632</u></b>	<b><u>1.139.053.466</u></b>



# Skýringar

## 1. Félagið

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa („Félagið“) hefur lögheimili að Katrínartúni 4 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í tilsjón með kristnihaldi, kenningum kirkjunnar og starfi hennar í landinu.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að fasteignir voru færðar á fasteignamati fram til ársins 2020. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Leiðrétt skekkja vegna fyrra árs

Á árinu 2021 uppgötvaðist skekkja í ársreikningi Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu vegna ársins 2019 og eldra. Skekkjan nam 31,8 millj. kr. og er vegna virðisaukaskatts sem var færður meðal skammtímakrafa en hefði átt að gjaldfærast í gegnum rekstur. Þar sem skekkjan er veruleg og hefur áhrif á samburðartölur í ársreikningi, þá hefur hún verið leiðrétt með því að lækka eigið fé í byrjun árs 2021. Sjá nánar í skýringu 16.

## 4. Innlausn tekna

Tekjur vegna opinberra framlaga til rekstarins eru færðar á því tímabili sem þær tilheyra. Leigutekjur eru færðar til tekna í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga á leigutímanum. Arður af hlunnindum er færður til tekna við móttöku og aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## 5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru keyptur hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma sem er 5 ár.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	33 - 100 ár
Innréttingar og búnaður .....	3-7 ár

## 7. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Niðurfærsla hefur verið færð í ársreikninginn til að mæta áætlaðri tapsáhættu og er hún dregin frá skuldabréfaeign í efnahagsreikningi.

## 8. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

## 9. Handbært fé

Sjóður, óbundnar bankainnstæður sem og innstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## 10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2021	2020
Arður af hlunnindum .....	16.943.842	17.299.102
Söluhagnaður .....	10.905.404	0
Framlög prófastdæma og héraðssjóða .....	6.153.874	6.599.463
Ýmsar tekjur .....	21.010.329	24.050.635
Aðrar tekjur samtals .....	55.013.449	47.949.200

# Skýringar

## 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun .....	2.419.325.849	2.423.928.430
Launatengd gjöld .....	522.422.445	520.918.823
Bílastyrkur og akstur .....	0	1.103.843
Breyting á áföllnu orlofi og öðrum skuldbindingum .....	52.660.794	12.138.028
Annar starfsmannakostnaður .....	18.769.371	3.999.054
Laun og launatengd gjöld samtals .....	3.013.178.459	2.962.088.178

## 12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hugbúnaður
Bókfært verð 1.1.2020 .....	352.433
Bókfært verð 31.12.2021 .....	352.433
Afskriftahlutföll .....	0%

## 13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Jarðir	Innréttingar og búnaður	Hlunnindi	Samtals
Heildarverð 1.1.2020 .....	3.665.640.388	336.102.000	69.057.447	298.848.000	4.369.647.835
Viðbót á árinu .....			7.897.056		7.897.056
Endurflokkað .....			7.914.179		7.914.179
Selt á árinu .....	( 711.950.000)			( 711.950.000)	
Heildarverð 31.12.2020 ....	2.953.690.388	336.102.000	84.868.682	298.848.000	3.673.509.070
Viðbót á árinu .....	16.856.087		14.150.042		31.006.129
Selt á árinu .....	( 145.988.388)			( 145.988.388)	
Heildarverð 31.12.2021 ..	2.824.558.087	336.102.000	99.018.724	298.848.000	3.558.526.811
Afskrifað alls 1.1.2020 .....			13.472.475		13.472.475
Afskriftir ársins .....	32.167.640		17.161.226		49.328.866
Afskrifað alls 31.12.2020 ..	32.167.640	0	30.633.701	0	62.801.341
Afskriftir færðar út við sölu ....	( 4.245.692)			( 4.245.692)	
Afskriftir ársins .....	32.187.321		16.347.255		48.534.563
Afskrifað alls 31.12.2021 ..	60.109.269	0	46.980.956	0	107.090.225
Bókfært verð 31.12.2020 .	2.921.522.748	336.102.000	54.234.981	298.848.000	3.610.707.729
Bókfært verð 31.12.2021 .	2.764.448.818	336.102.000	52.037.768	298.848.000	3.451.436.586
Afskriftahlutföll .....	1-3%	0%	15-30%	0%	

## Vátryggingarverðmæti

Brunabótamat fasteigna nam 9.331,4 millj. kr. í árslok 2021.

# Skýringar

## 14. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign greinist þannig:	2021	2020
Kröfur vegna sölu á fasteignum .....	0	2.626.800
Skuldabréf frá Jöfnunarsjóði sókna .....	9.786.555	10.611.641
Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorlákssbúðar .....	10.316.574	10.316.574
Reykholtsstaður ehf. ....	17.240.493	17.240.493
Skuldabréfaeign samtals .....	37.343.622	40.795.508
Afskriftareikningur vegna varúðarniðurfærslu .....	( 10.316.574)	( 10.316.574)
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar .....	( 860.087)	( 1.011.612)
Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi .....	26.166.961	29.467.322

Afborganir skuldabréfaeignar greinist þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2021 .....		1.011.612
Afborganir árið 2022 .....	860.087	1.011.612
Afborganir árið 2023 .....	860.087	1.011.612
Afborganir árið 2024 .....	858.207	1.009.732
Afborganir árið 2025 .....	858.207	1.009.732
Afborganir árið 2026 .....	858.207	
Síðar .....	33.048.827	35.741.208
Afborganir skuldabréfaeignar samtals .....	37.343.622	40.795.508

## 15. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2021	2020
Endurgreiðsla virðisaukaskatts .....	50.185.437	66.267.280
Viðskiptakröfur .....	16.580.911	10.751.650
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	47.445.963	51.580.090
Aðrar skammtímakröfur .....	3.595.803	1.195.803
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	117.808.114	129.794.823

## 16. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Höfuðstóll	Ábyrgðar- deild	Endurmats- reikningur	Samtals
Eigið fé 31.12.2020 .....	5.563.970.143	85.115.743	( 1.512.409.362)	4.136.676.524
Leiðrétt 1.1.2021 .....	( 31.828.080)			( 31.828.080)
Eigið fé 31.12.2020 .....	5.532.142.063	85.115.743	( 1.512.409.362)	4.104.848.444
Tap ársins .....	( 290.573.984)			( 290.573.984)
Eigið fé 31.12.2021 .....	5.241.568.079	85.115.743	( 1.512.409.362)	3.814.274.460

# Skýringar

---

## 17. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningur félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur um skrifstofuhúsnæði er til loka september 2026. Í samningunum er ekki að finna uppsagnar- eða framlengingarheimildir en í lok leigusamnings breytist hann í ótímabundinn leigusamning með gagnkvæmum eins árs uppsagnarfresti. Leigutaki hefur forleigurétt í lok leigutímans. Leigusamningurinn er verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu nevsluverðs.

## Trúnaðarmál

### 18. Önnur mál

#### Ábyrgðir

Félagið er ábyrgt fyrir lánum sókna sem voru styrkhæfar samkvæmt lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld. Nema ábyrgðir í árslok 2021 152,7 millj. kr.

# Skýrsla og áritun framkvæmdanefndar kirkjupings

---

Þjóðkirkjan – Biskupsstofa er þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar sem starfar á grundvelli laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Fyrri hluta árs 2021 fór biskup Íslands með yfirstjórn Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, þar með talið fjárstjórn. Þann 1. júní tóku ný lög um Þjóðkirkjuna gildi og fer kirkjuping með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað, sbr. 7. gr. laganna.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Með tilkomu nýrra laga um Þjóðkirkjuna og viðbótarsamnings milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 2019 var farið í stefnumótunarlögin þar sem meðal annars var kallað eftir því að skipulag Þjóðkirkjunnar yrði endurskoðað. Ákveðið var að fara í skipulagsbreytingar sem samþykktar voru í 7. máli aukakirkjupings 2021, Þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Samkvæmt þeim gætir Biskup Íslands einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og vígðri þjónustu. Biskup ber ábyrgð á öllu því er lýtur að þessari grunnþjónustu þjóðkirkjunnar ásamt viðeigandi miðlægrri starfsemi og stoðþjónustu sem tengist þeirri þjónustu. Kirkjuping kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjupingsfulltrúa sem hefur í umboði kirkjupings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjupingi.

Framkvæmdanefndin tók formlega til starfa 1. janúar 2022 og var kirkjuráð þá lagt niður.

Kirkjuping hefur verið að endurskoða starfsreglur sínar með tilliti til þeirrar auknu ábyrgðar sem ný lög og skipulagsbreytingar leggja á herðar þingsins. Meðal annars voru á síðasta ári samþykktar breyttar starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 3/2022. Endurskoðun annarra starfsreglna lýkur á árinu 2022.

Á árinu 2021 nam tap af rekstri 290,6 millj. kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 3.814,3 millj. kr. Vísast til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Frá og með 1.1.2022 annast framkvæmdanefnd, fyrir hönd kirkjupings, eftirlit með fjárhag og rekstri Þjóðkirkjunnar. Framkvæmdanefndin hefur ráðið framkvæmdastjóra sem mun sinna daglegum rekstri Þjóðkirkjunnar að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Framkvæmdanefnd, framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur á rekstrar- og biskupsstofu, munu í ljósi taprekstrar ársins 2021 fylgjast náið með bókhaldi Þjóðkirkjunnar og nýta það sem stjórnartæki svo hægt sé að bregðast hratt við nýjum aðstæðum auk þess sem leitað verður leiða til að draga úr fyrirsjáanlegum taprekstri ársins 2022.

Framkvæmdanefnd hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni. Framkvæmdanefnd leggur til við Kirkjuping að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík,

mars 2022

Framkvæmdanefnd: